

38 læknum í þessum efnun, fellur brot hans undir refsíakvæði hinna almennu 28. jan. hegningarlaga á sama hátt sem brot annara manna.

Það varðar þannig refsingu samkvæmt hinum almennu hegningarlögum, ef læknir af ásettu ráði eyðir fóstri með konu eða líflætur barn í móðurkviði eða í fæðingu, án þess að lögmætar ástæður séu fyrir hendi, eða ef aðgerðin fer fram í laumi, utan viðurkennds sjúkrahúss, og er það aukin sök, ef brestur á góð skilyrði til aðgerðarinnar (sbr. 3. tölulið 10. gr.).

Brot læknis á ákvæðum laga þessara um fóstureyðingar, sem er í því fólgið, að hann hefir í þýðingarminni atriðum vikið frá reglum þeim, er lögin setja (sbr. einkum 8. og 10. gr.), fellur ekki undir refsíakvæði hinna almennu hegningarlaga.

Þau brot lækna á ákvæðum laga þessara, sem ekki varða refsingu samkvæmt hinum almennu hegningarlögum, falla undir refsíakvæði laga nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annara, sem lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, nema um brot sé að ræða á hinum almennu hegningarlögum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaluborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

39

28. jan.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Sé barnsfúlga sú, er barnsföður (meðlagsskyldum) er skylt að borga með óskilgetnu barni samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af

valdsmanni, ekki greidd á réttum gjalddaga, og eigi móðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er henni heimilt, áður en eitt ár er liðið frá gjalddaga, að krefjast þess, að fúlgan verði greidd henni af sveitarfé í dvalarsveit hennar, þó eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í. En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveður atvinnumálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfélag um 3 ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna, hinn sama á öllu landinu. Beiðni barnsmóður til dvalarsveitar skal fylgja meðlagsúrskurður valdsmanns, löglega birtur, eða samningur, staðfestur af honum og löglega birtur, og lífsvottorð barnsins, enda láti móðirin uppi þá skýrslu um framfærslusveit barnsföður (meðlags-skylds), sem hún er fær um.

Sama rétt og um ræðir í 1. mgr. á móðir óskilgetins barns, þó að barnsfaðir eigi ekki framfærslurétt hér á landi. Meðlag þetta endurgreiðist dvalarsveit úr ríkissjóði.

Nú hækkar meðalmeðlag samkvæmt ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins, og hefir þá barnsmóðir rétt til að krefjast þess, að dvalarsveit hennar, gegn endurgreiðslu frá framfærslusveit barnsföður, greiði henni hið auglýsta meðalmeðlag frá þeim tíma, er hið nýja meðalmeðlag gekk í gildi, án þess að meðlagsúrskurðinum þurfi að breyta með úrskurði valdsmanns.

Meðlagið skal talinn sveitarstyrkur til handa barnsföður (meðlagsskyldum) frá dvalarsveit móður, og fer um endurgjald á honum sem öðrum sveitarstyrk.

2. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Nú líða meira en 12 mánuðir frá því, að konan varð heil, eða meira en 12 mánuðir frá endanlegum dómi í barnsfaðernismáli, sem höfðað hefir verið innan lögákveðins tíma, þangað til hún leitar dvalarsveitar út af gjaldkræfu framlagi samkvæmt 29. og 30. gr., og er dvalarsveit þá eigi skylt að inna það af hendi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 15 31. maí 1927.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.